

Nd.

691. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Frá minni hlutanum.

Við játum, að breytingartillaga meiri hlutans við 1. gr. sje ekki ósanngjörn, og að viðbótin við 3. gr. sje til bóta. En ekki getum við samt fallist á frumvarpið. Meiri hlutinn telur rangt, að afnema bannlögin, og vill bæta úr göllumum. Um afnám laganna þarf ekki að tala nú, því að enginn í neðri deild hefir stungið upp á því, og við gerum það ekki heldur. En hitt sýnist okkur varbugavert, að fara nú að herða á ákvæðum laganna. Við höfum ekki trú á, að brot á þessum lögum verði fyrirbygð, hvernig sem frá þeim er gengið. Andróðurinn gegn lögnum virðist ekki vera eins kröftugur nú, eins og fyrst eftir að þau komust á, og bannmenn segja, að gert sje alt of mikið úr brotum. En hvað sem um það má segja, er hætt við, að ófriður og deilur risi um málið að nýju, ef til vill öflugri en nokkurn tíma áður, ef mönnum er ögrað með enn þyngri hegningu og sektum. Til þess viljum við ekki stuðla og álitum, að það hefði verið ráðlegra af bannmönnum, að hreifa málinu alls ekki.

Ekki getum við fallist á, að unt sje með 5000 króna árlegri fjárveitingu úr landssjóði, að útrýma með eftirliti brotum á bannlögunum svo, að mjög lítil brögð verði að þeim. En þessu heldur meiri hlutinn fram þótt undarlegt sje. Verðir í skipum á höfnum, og annað eftirlit slíkt, hlyti að þurfa svo mikið, að það stæði jafnfætis tollgæslunni í öðrum löndum, þar sem hún er talin fullkomin og kostaði þá of fjár, eins og skipagangur er hjer mikill, hafnir margar og strandlengja mikil, og á þessari löggæslu mundi að öllum líkum verða sami gallinn og á tollgæslu í útlöndum, að talsvert læki með. Jafnvel »sportið«, að brúka mútur eða fara í kringum slíka gæslu, mundi engu síður freistandi, eftir reynslunni, heldur en vinið sjálft. Ef lítil byrjun í þessa átt

þætti nauðsynleg, þá mundi áframhald og umbætur á löggæslunni þykja óhjákvæmilegar alt þangað til, að kostnaðurinn væri kominn í algleyming. Vel má vera, að þjóðinni sjálfri megi kenna um, að aðflutningsbannið var tekið í lög, og þá sje þjóðinni mátulegt, þótt hún ekki einungis missi vinfangatollinn, heldur verði að kosta æfa fjár — máske öðru eins — til, að halda lögunum uppi. En heldur enn að þjóðin leggi þann kross á herðar sjer, viljum við, að svo húið standi um eftirlitið, þangað til vínbannið er af numið, enda ekki hægt að vita nú, hvað þjóðin vill á sig leggja til slikra ráðstafana.

Sú skoðun kom fram í nefndinni, að erlend fiskiskip fengi ekki að hafa neinn vinforða að ráði nema helst rauðvin. Er þá ekki mikið að óttast af þeirra hálfu. Má vænta, að útgerðarmenn íslenskra fiskiskipa fylgi sömu reglu. Meiri hlutinn ræður til, að hafa rauðvin í lyfjabúðum. Sýnist það þá ekki ósanngjarnt, þó að skipverjar á íslenskum fiskiskipum mætti hafa það sjer til heilsubótar og hressingar í sjóvolkinu með jafn einhæfri fæðu, sem þeir munu hafa við að húa oft og tíðum. Jafnvel gæti verið nauðsynlegt fyrir þá að hafa öl með mat, þó að í því væri meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda. Virðist okkur því 3. gr. frv. all-nærgöngul við skipshafnir á íslenskum fiskiskipum, en ákvæði 5. greinar bannlaganna full góð.

Þá eru ákvæði 4. gr. frv. æði-hörð. Ölvaðan mann má taka fastan, hafa í haldi og sekta alt að 100 kr. Og geri hann ekki grein fyrir því fyrir dómara, hvernig hann hafi fengið áfengið, er hann var ölvaður af, telst hann brotlegur gegn 1. gr. bannlaganna. En brot gegn þeirri grein varðar frá 200 til 5000 kr. sekt. Hjer má beita tvöfaldri sekt við manninn, auk innsetningar, og má þá segja, að nærri honum sje gengið.

Þá má og telja vist, að ákvæði þessu yrði lítið eða ekkert framfylgt annarsstaðar en í kaupstöðum, þar sem löggæsla er, og nægja þá lögreglu-samþykktir kaupstaðanna í þessu efni.

Samkvæmt þessu teljum við fyrirbyggjandi frumvarp hvorki nauðsynlegt nje heppilegt. Hins vegar getur stjórnin án breytinga á lögunum gert nauðsynlega breytingu á lyfjaskránni, samkvæmt breytingartill. meiri hluta við 1. gr.

Leggjum við því til, að málið sje afgreitt til stjórnarinnar með svo-hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnarráðið löggildi nú þegar til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, Rauðvin, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 1. sept. 1915.

Jón Jónsson.

Pjetur Jónsson.